

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
111. fundur.

Miðvikudaginn 2. nóvember 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 11.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012, umræða um gjaldskrár og fl.
3. Fundargerðir:
 - a) Aðalfundar Fasteigna Húnavatnshrepps ehf. dags. 19. okt. 2011.
 - b) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 31. okt. 2011.
 - c) Aðalfundar Brunavarna A-Hún. dags. 25. okt. 2011.
 - d) Stjórnar SSNV, dags. 8. sept. 2011
 - e) Stjórnar SSNV, dags. 4. okt. 2011.
4. Bréf:
 - a) Frá fjárlaganefnd Alþingis, dags. 05. 10. 2011.
 - b) Frá umhverfissráðuneytinu, dags. 20.10. 2011.
 - c) Frá umhverfissráðuneytinu, dags. 26. 09. 2011.
 - d) Frá Vegagerðinni, dags. 11. 10. 2011.
 - e) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 28. 09. 2011.
 - f) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 11. 10. 2011.
 - g) Frá Vegagerðinni dags. 11.10. 2011.
 - h) Frá Bændasamtökum Íslands, dags. 23. 09. 2011.
 - i) Frá Farskólanum Norðurl-vestra, dags. 18. 10. 2011.
 - j) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ, dags. 20. 10. 2011.
 - k) Frá Umhverfisstofnun, dags. 19. 10. 2011.
5. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

Samþykkt var að gera eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins: Fundargerð jafnréttisnefndar Húnavatnshrepps dags. 27. okt. 2011, tekin fyrir undir dagskrárlíð 3. f) Fundargerð Hveravallafélagsins tekin fyrir undir dagskrárlíð 3. g).

1. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kynnti þá fjölmörgu fundi sem hann og fulltrúar úr hreppsnefnd hafa sótt undanfarið.

Oddviti og sveitarstjóri funduðu með Vilhelm Harðarsyni þann 24. okt. s.l. um breytta skipan í sorphirðumálum, með áherslu á flokkun sorps og fækkun sorphirðudaga. Fyrir fundinum lá tillaga frá Vilhelm Harðarsyni um breytingu á verksamningi um sorphirðu fyrir Húnavatnshrepp. Samþykkt var að oddviti og sveitarstjóri ynnu málið áfram.

Kynnt var erindi frá Skipulagsstofnun varðandi landsskipulagsstefnu 2012-2024. Sveitarstjóri var tilnefndur sem fulltrúi Húnavatnshrepps í samráðsvettvangi um málið.

Á síðasta fundi hreppsnefndar var samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Fyrir fundinum liggur lánsamningur milli Lánasjóðsins og Húnavatnshrepps. Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 111. fundur.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 25.000.000 kr. til 13 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdaáætlun ársins 2011 í samræmi við endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jens P Jensen kt. 070951-7469, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Húnavatnshrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012, umræða um gjaldskrár og fl.

Farið var yfir gjaldskrár, styrki, launakjör nefnda, afslætti vegna fasteignagjalda ellilífeyrisþega og öryrkja, álagningu rotþróargjalda, sorphirðugjalda og fl. Fundað var með skólastjóra 1. nóv. s.l. og farið yfir rekstur leik- og grunnskóla og áætlun næsta árs.

3. Fundargerðir:

- a) Aðalfundar Fasteigna Húnavatnshrepps ehf. dags. 19. okt. 2011.

Lögð fram til kynningar.

- b) Byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 31. okt. 2011.

Fundargerðin var tekin til umræðu. Liður 1. Samþykktur samhljóða. Liður 2. Samþykktur samhljóða. Liður 3. Samþykktur samhljóða. Fundargerðin samþykkt.

- c) Aðalfundar Brunavarna A-Hún. dags. 25. okt. 2011.

Lögð fram til kynningar.

- d) Stjórnar SSNV, dags. 8. sept. 2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps fagnar því að hálandismiðstöð á Hveravöllum sé forgangsverkefni í sóknaráætlun Norðurl-vestra 2012. Hreppsnefnd telur eðlilegt að hálandismiðstöðin sé framarlega í forgangs röðinni vegna mikilvægis hennar fyrir svæðið.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Stjórnar SSNV, dags. 4. okt. 2011.

Lögð fram til kynningar.

- f) Jafnréttisnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. okt. 2011.

Fundargerðinni vísað til umfjöllunar í fræðslunefnd.

- g) Stjórnar Hveravallafélagsins ehf., dags. 31. okt. 2011.

Lögð fram til kynningar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
111. fundur.

4. Bréf:

a) Frá fjárlaganefnd Alþingis, dags. 05. 10. 2011.

Efni: Fundur sveitarstjórna með fjárlaganefnd Alþingis haustið 2011.

Fulltrúar Húnavatnshrepps eiga fund með fjárlaganefndinni 7. nóv. n.k. kl. 12.40

b) Frá umhverfissráðuneytinu, dags. 20.10. 2011.

Efni: Óskað er eftir athugasemdum við drög að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Lagt fram til kynningar.

c) Frá umhverfissráðuneytinu, dags. 26. 09. 2011.

Efni: Varðar undirbúning að útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2012-2023 og innleiðingu á rammatilskipun ESB um úrgang.

Samþykkt að óska eftir fundi um málefnið.

d) Frá Vegagerðinni, dags. 11. 10. 2011.

Efni: Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna efnistökusvæðis í landi Æsustaða í Langadal. Hreppsnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um að Skipulagsstofnun fallist á framkvæmdina.

e) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 28. 09. 2011.

Efni: Niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni Ungt fólk 2011 í 5., 6., og 7. bekk grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

f) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 11. 10. 2011.

Efni: Stefnumótun í íþróttamálum.

Samþykkt að senda erindið til kynningar í menningar- íþrótt- og æskulýðsnefnd Húnavatnshrepps.

Lagt fram til kynningar.

g) Frá Vegagerðinni dags. 11.10. 2011.

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Steinhóltsvegur (7292-01) af vegaskrá. Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

h) Frá Bændasamtökum Íslands, dags. 23. 09. 2011.

Efni: Álitsgerð Ólafs R. Dýrmundssonar varðandi landamerkjagirðingu á Sauðadal á móti Gilá og Marðarnúpi í Vatnsdal.

Varaoddviti tók við stjórn fundarins undir þessum lið.

Hreppsnefnd samþykkti eftirfarandi bókun:

Vegna þess að ekki varð samkomulag um þá kostnaðarskiptingu girðingar sem stjórnir fjallskiladeilda Grímstungu- og Haukagilsheiðar og Auðkúluheiðar lögðu til, meðal allra landeigenda á Sauðadal, var leitað til Bændasamtaka Íslands um álitsgjöf.

Með vísan í 12. gr. afréttarlaga mun Sauðadalur teljast upprekstrarheimaland og um hann gilda sömu reglur og afrétti varðandi fjallskil og upprekstur, en kostnaður við girðingar er á hendi landeigenda samkvæmt 5. gr. girðingalaga og viðurkenndum eignarhlutföllum.

Sveitarsjóra falið að senda þeim er málið varðar afrit af áliti Bændasamtaka Íslands.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
111. fundur.

Oddviti tók við stjórn fundarins.

i) Frá Farskólanum Norðurl-vestra, dags. 18. 10. 2011.

Efni: Rekstrarstyrkur fyrir árið 2012. Hreppsnefnd samþykkti að styrkja starfsemina um 79 þús kr. á árinu 2012, og vísar samþykktinni til fjárhagsáætlunar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir yfir ánægju með gróskumikla starfsemi Farskóla Norðurl-vestra.

j) Frá Eignarhaldsfélagi BÍ, dags. 20. 10. 2011.

Efni: Á aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ, sem haldinn var 12. október s.l. var samþykkt að ekki verði greiddur út ágóðahlutur til aðildarsveitarfélaganna vegna ársins 2011. Lagt fram til kynningar.

k) Frá Umhverfisstofnun, dags. 19. 10. 2011.

Efni: Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.

Samþykkt var að tilnefna sveitarstjóra sem fulltrúa Húnavatnshrepps í nefndina.

5. Önnur mál.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps lýsir þungum áhyggjum vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í dýralæknamálum í héraðinu og leggur mikla áherslu á að Landbúnaðarráðuneyti og Matvælastofnun leysi þessi mál nú þegar.

Tekið fyrir mál sem fært var í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl. 16.05

Þóra Sverrisdóttir

Björn Magnússon

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Guðmundur R. Halldórsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen